

Tillaga um frestun á lokun Sorpu við Dalveg

Eftir langa leit hefur nýrri endurvinnslustöð Sorpu fyrir Kópavog og Garðabæ loks verið fundinn staður efst á Glaðheimasvæðinu í Kópavogi. Samkvæmt upplýsingum frá Sorpu má gera ráð fyrir að það taki 2 – 4 ár að að koma þeirri stöð í virkni. Stöðin tekur við 18% af heildarlosun höfuðborgarsvæðisins á endurvinnslustöðum og hafa stjórnendur Sorpu lýst áhyggjum sínum af því ástandi sem getur skapast þar til ný stöð kemst í gagnið. Borgaryfirvöld hafa bent á að endurvinnslustöðvar Sorpu þar séu fullnýttar og anni ekki því viðbótarálagi sem skapast við lokun í Kópavogi.

Bæjarstjóri Kópavogs hefur sett fram kröfu um að endurvinnslustöð Sorpu á Dalvegi víki ekki síðar en 1. september 2025. Við Kópavogsbúum og öðrum sem nýta þjónustu endurvinnslustöðvarinnar blasir allt að fjögurra ára stórfelld þjónustuskerðing. Ekki liggja fyrir hugmyndir um nýtingu svæðisins við Dalveg eftir lokun Sorpu en athugun á því er í burðarliðnum. Gera má ráð fyrir að vinnsla nýrra hugmynda taki 1-2 ár hið skemmsta áður en hægt verður að byrja uppbyggingu á svæðinu. Engin nauðsyn er á að loka á starfsemina fyrr en að nýrri uppbyggingu kemur.

Því er lögð fram tillaga um að fresta lokun Sorpu við Dalveg þar til ný uppbyggingaráform liggja fyrir og koma til framkvæmda.

Bergljót Kristinsdóttir
Helga Jónsdóttir
Sigurbjörg Erla Egilsdóttir
Theódóra S. Þorsteinsdóttir